

og til eru vitanlega á Íslandi uppsprettulindir með eins tæru vatni í eins og sjálfsagt nokkurs staðar á hnettinum, eins eru þar vissulega líka til andlegir vatnstraumar, sem bæði geta verið til svölunar og frjóvgunar, andlegir vatnsstraumar, sem fullkomlega eru þess verðir, að þeim sé veitt inn í þjóðlíf vort í þessu landi. Út af sýning minni af hinum íslenzka nílilísímus, sem í rauninni allir viðurkenna, þegar farið er að tala við þá privat, hefir mér verið borið á bryn, að eg sæi ekkert nýtilegt og gott, ekkert einasta lífsmark með minni eigin þjóð á Íslandi á þessum síðustu tímum. Þetta eru hrópleg ósannindi. Þó eg hafi miðnt á þann sannleika, sem reyndar allir vita, að meginhlutinn af hinu mikla vatnsmagni landsins er samfrosti jökull, þá leiðir ekki af því, að eg hafi neitað því, að nokkurt íslaust vatn, nokkurt rennandi vatn væri lengr til í landinu. Þótt eg hafi kvartað yfir því opinberlega, sem allir hugsandi menn þjóðar vorrar virðast finna svo sárt til, þegar maðr talar við þá privat, að hið andlega jökulríki sé svo börmulega mikið í þjóðlífi Íslendinga, þá hefi eg aldrei sagt og aldrei hugsað, að allt Ísland væri andlega í klakabundnum dróma. Hefi eg ekki all-oft opinberlega getið þess, að Ísland ætti nú einmitt góð og upplýftandi skáld? Hefi eg ekki nokkrum sinnum sýnt sára Mattías Jökumsson, og minnt á það, hvílíkr sómi það er fyrir svo fátæka þjóð, að eiga önnur eins skáld?

Hefi eg ekki líka nefnt Steingrín Thorsteinsson í svipuðu sambandi? Hefi eg ekki á prédikunarstólnum dregið fram andleg gullkorn jafnvel eftir Benedikt Gröndal? Hefi eg ekki opinberlega með þakklæti viðurkennt ýmislegt í verki sára Helga Hálfdanarsonar meðan eggin heima á Íslandi hafði neitt gott orð um það að segja opinberlega? Hefi eg þagað um það að Ísland á einn sára Valdemar Eriem, mann, sem gefið hefir vorri fátæku kirkju einhverja þá dýrðlegustu sálma, sem vor þjóð nokkum tíma hefir framleitt? Og hver var það, sem lélt því á lofti opinberlega, að með nýju sálmabókinni íslenzku hafi íslenzka kirkjan eignast einhverja þá góðugustu sálmabók, sem nokkur kristin kirkjudeild eigi nú í eigu sinni? Eg ritaði um sálmabók þessa ritdóm í þessa átt, lengri ritdóm en allt, sem allir menn á Íslandi rituðu um hana il samans. Samt af því, sem heim var ritad um bókina, var óvirlegt last og enginn hafði neitt lkt því eins gott að segja um bókina þins og einmitt eg. Og svo er sagt að eg viðurkenni ekkert af því, sem gjört er á Íslandi, sagt, að eg sjái þar ekkert annað en tóman jökul. Neia það stendr nógu mikið svart, hvítu eftir mig til að súa og sanna að eg er hér ranglátlega og hraklega nfdur. Eg viðurkenni, þekki og elska andlegar ófrosnar uppsprettulindir í íslenzka þjóðsögu, og þeim lindum vil eg að veit sé hingað inn í vort íslenzka félagslíf og gegnum það með tnanum eftir